



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 136/863  
komudagur 13. 2. 2009

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2009

Tilv.: 0902003

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., 281. mál, (greiðsluaðlögun), 278. mál, (skuldaaðlögun) og frumvarp til laga um greiðsluaðlögun 275. mál.**

Með tölvupósti dags. 6. febrúar sl. var óskað eftir afstöðu Samkeppniseftirlitsins til framangreindra frumvarpa. Lagafrumvörpin þrjú fjalla öll um breytingar á gjaldþrotaskiptalögum í þá átt að gera einstaklingum kleift að semja um breytingar á skuldum sínum til þess að auðvelda þeim greiðslu skulda. Telur Samkeppniseftirlitið ólíklegt líkt og frumvörpin eru útbúin að þau hafi veruleg áhrif á samkeppni á markaði. Eigi að síður telur stofnunin rétt að koma á framfæri nokkrum eftirfarandi sjónarmiðum.

Samkeppniseftirlitið telur æskilegt að gjaldþrotalöggjöfin komi til móts við einstaklinga og fyrirtæki sem eru hæf til þess að greiða skuldir sínar með tíð og tíma án þess að gengið sé of nærri hagsmunum kröfuhafa. Fyrirliggjandi frumvörp virðast samræmast þessum sjónarmiðum í meginatriðum.

Í frumvarpi á þingskjali 507 – 281. mál er í bráðabirgðaákvæði kveðið á um að í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar megi kveða á um breytta skilmála vegna krafna í eigu Íbúðarlánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins, sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi sem ætlað er til eigin nota skuldara. Má gera þetta án samþykkis skuldara.

Ætla má að stór hluti skuldbindinga þeirra einstaklinga sem geta nýtt sér greiðsluaðlögun falli hér undir enda eru þeir stærstu viðskiptabankarnir fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins. Ákvæðið á hins vegar ekki við um þær fjármálastofnanir sem ekki eru í ríkiseigu. Staða skuldara getur því orðið mismunandi að þessu leyti eftir því hver veðhafi íbúðarhúsnæðisins er. Jafnframt getur ákvæðið skapað samkeppnislegt misvægi milli fjármálafyrirtækja þar sem viðskiptavinir fjármálafyrirtækja sem ekki eru í ríkiseigu hafa ekki möguleika á að




leita aðstoðar handhafa opinberbers valds við að endursemjja um skuldir sínar fullnægi þeir skilyrðum þess að njóta greiðsluaðlögunar. Á móti kemur að erfiðleikum er bundið út frá eignarréttarlegum sjónarmiðum að fella undir ákvæðið fjármálafyrirtæki sem ekki eru í eigu ríkisins.

Á þessu stigi er erfitt að meta mikilvægi ákvæðisins fyrir greiðsluaðlögun einstaklinga. Telji löggjafinn óhjákvæmilegt að setja ákvæðið í lög leggur Samkeppniseftirlitið áherslu á að fylgst verði vel með framkvæmd þess og gerðar breytingar á ákvæðinu komi í ljós að ákvæðið raski samkeppni verulega. Því er mikilvægt að ákvæðið gildi aðeins í stuttan tíma. Á þeim grundvelli leggst Samkeppniseftirlitið ekki gegn ákvæðinu á þessu stigi.

Gert er ráð fyrir að skipaðir umsjónarmenn fullnægi skilyrðum XIII. kafla um hæfa skiptastjóra. Í því felst meðal annars að viðkomandi sé orðinn 25 ára gamall, hafi forræði á búi sínu og hafi lokið embættisprófi í lögum. Samkeppniseftirlitið telur að hugleiða megi hvort t.d. endurskoðendur eða viðskiptafræðingar komi til álita sem umsjónarmenn með greiðsluaðlögun einstaklinga. Slíkt gæti skapað aukið framboð af hæfum aðilum til að sinna þessari þjónustu sem leitt gæti til minni kostnaðar.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið



Snorri Stefánsson